



Reykjavíkurborg

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. nóvember 2022
MSS22100268

Efni: Umsögn Reykjavíkurborgar um tillögu til þingsályktunar um félagsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum. 153. löggjafarþing 2022-2023. Þingskjal 113 – 113. mál.

Vísað er til beiðni nefndasviðs Alþingis um umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um félagsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, er send var Reykjavíkurborg til umsagnar þann 16. nóvember 2022.

Það er mat Reykjavíkurborgar að nauðsynlegt sé að tryggja að innan grunn- og framhaldsskóla starfi félagsráðgjafa sem nemendur geti leitað til og telur því framkomna tillögu til þingsályktunar mjög jákvæða. Þá er starf félagsráðgjafa innan skóla mikilvægur þáttur í því að tryggja að skólar geti betur sinnt hlutverki sínu í samræmi við lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.


Á undanförunum árum hefur Reykjavíkurborg lagt áherslu á verkefnið „Betri borg fyrir börn“ sem miðar að því að bæta þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra í skóla- og frístundastarfi. Í því felst m.a. að færa þjónustuna í auknu mæli í skólaumhverfi barna og ungmenna, að viðeigandi stuðningur sé veittur sem fyrst auk þess að þetta samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs í miðstöðvum Reykjavíkurborgar. Starf félagsráðgjafa í grunnskólum fellur því mjög vel að verkefninu „Betri borg fyrir börn“ og myndi tryggja enn betur að unnt sé að veita börnum þjónustu í nærumhverfi sínu. Áherslubreytingar sem þessar eru vissulega fjárfrekar og í því samhengi þarf ríkisvaldið að tryggja nauðsynlegt fjármagn til að markmið tillögunnar nái fram að ganga.

Þarfir barna taka breytingum í takt við örur samfélagsbreytingar og opnara samfélag en áður og gerð er krafa um að grunnskólinn veiti framúrskarandi menntun fyrir alla. Til að ná markmiðum stefnu um menntun án aðgreiningar er mikilvægt að efla fyrsta stigs þjónustu grunnskóla. Með ráðningu félagsráðgjafa í skólakerfið má benda á að með þeirra fagmennsku, þekkingu og reynslu myndi lágþröskuldþjónusta og snemmtæk íhlutun mæta þörfum barna og fjölskyldna betur. Félagsráðgjafar hafa nú þegar gert sig gildandi í grunnskólum þótt í litlum mæli sé og ljóst að þær ráðningar hafa gefið góða raun.

Að lokum tekur Reykjavíkurborg sérstaklega undir þær athugasemdir sem fram koma í umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands um þingsályktunartillögu þessa.

Ef frekari upplýsinga er óskað verða þær góðfúslega veittar.

f.h. Reykjavíkurborgar,

A handwritten signature in black ink that reads "Helgi Grímsson". The signature is written in a cursive, slightly slanted style.

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs